Nr. 10.
11.
febr.

# Lög

um

breyting á tilskipun um gjald á brennivíni og öðrum áfengnm drykkjum 26. dag febrúarmán. 1872.

---

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Hjer eptir skal greiða aðflutningsgjald af allskonar öli, sem til Íslands er flutt, 5 aura fyrir hvern pott.

Af brennivíni eða vínanda skal greiða af hverjum potti:

| | |
|---|---|
| með 8° styrkleika eða minna | 20 aura, |
| yfir 8° og allt að 12° styrkleika | 30 — |
| yfir 12° styrkleika | 40 — |

Af rauðavíni og messuvíni skal greiða 15 aura af hverjum potti í hverju íláti sem það er flutt.

Af öllum öðrum vínföngum skal greiða 30 aura af hverjum potti, ef þau eru flutt í ílátum stærri en svo, að rúmi tvær merkur; en sjeu þau flutt í minni ílátum, skal greiða sama gjald af hverjum þremur pelum, sem af pottinum í stærri ílátum.

Gjald þetta rennur í landssjóð.

2. grein.

Á tollskrám þeim og vöruskrám, sem skip eiga að hafa með sjer, samkvæmt lögum 15. dag áprílmán. 1854, sbr. við tilskipun 26. dag febrúarmán. 1872, 2. gr, skal ávallt tilgreint, hversu styrkt brennivínið eða vínandinn sje, og sje það eigi tiltekið, skal tollgreiðandi borga hæsta gjald, nema því að eins, að hann á sinn kostnað láti rannsaka það, er til Íslands kemur, og fái vottorð hlutaðeigandi lögreglustjóra um styrkleik brennivínsins.

3. grein.

Verði sú raun á, þegar vínföng eru flutt til Íslands, að nokkuð af þeim hafi á leiðinni skemzt, lekið niður, eða með einhverju móti farið forgörðum, skal ekkert gjald

# Lov

Nr. 10. 11te Februar.

om

## Forandring i Forordning af 26de Februar 1872 om Afgift af Brændevin og andre spirituøse Drikkevarer.

---

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Af alt Slags Øl, som indføres til Island, erlægges herefter en Indførselsafgift af 5 Øre for hver Pot.

Af Brændevin og Spiritus erlægges for hver Pot:

| | |
|---|---|
| med 8° Styrke og derunder . . . . . . . . . . . . . | 20 Øre |
| over 8° indtil 12° Styrke . . . . . . . . . . . . . | 30 — |
| over 12° Styrke . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 40 — |

Af Rødvin og Kirkevin erlægges 15 Øre for hver Pot uden Hensyn til Størrelsen af de Beholdere, hvori de indføres.

Af alle andre spirituøse Drikkevarer erlægges 30 Øre for hver Pot, for saa vidt de indføres i Beholdere, der rumme mere end een Pot, og 30 Øre for hver 3 Pægle, for saa vidt de indføres i mindre Beholdere.

Denne Afgift tilflyder Landskassen.

§ 2.

Paa de Toldsedler og Varefortegnelser, som Skibe efter Lov af 15de April 1854, jfr. Forordningen af 26de Februar 1872 § 2, skulle være forsynede med, bør Styrken af Brændevinen eller Spiritusen altid være anført; i modsat Fald erlægges den høieste Toldsats, med mindre Vedkommende paa egen Bekostning lader det til Island Indførte undersøge og fremlægger Politimesterens Attest om Brændevinens Styrke.

§ 3.

Naar det maatte vise sig, at noget af de spirituøse Drikke, som agtes indførte til Island, paa Veien er ødelagt eller lækket ud eller paa anden Maade gaaet tabt, udredes ingen Afgift af det saaledes Spildte, saafremt Eieren eller hans Befuldmægtigede med Politi=

Nr. 10. 11. febr. greiða af því, sem farizt hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra, að tollskráin eða vöruskráin telji meira, en í land er flutt.

4. grein.

Hjer með er úr lögum numin 1. gr. tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, dagsett 26. febrúarmán. 1872.

5. grein.

Lög þessi öðlast gildi undir eins og þau eru löglega birt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 11. dag febrúarm. 1876.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Nellemann.*

---

Nr. 11. 11. febr.

# Lög

um

aðflutningsgjald á tóbaki.

---

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Af hverju pundi tóbaks hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli) skulu goldnir 10 aurar.

2. grein.

Af hverjum 100 vindlum skulu goldnir 25 aurar.

mesterens Attest beviser, at der paa Toldsedlen eller Varefortegnelsen er opført mere end der udlosses. Nr. 10. 11te Febr.

§ 4.

Herved ophæves § 1 i Forordning for Island om Afgift af Brændevin og andre spirituøse Drikkevarer af 26de Februar 1872.

§ 5.

Denne Lov træder i Kraft, saa snart den er lovlig bekjendtgjort.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11te Februar 1876.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*Nellemann.*

---

# Lov

Nr. 11. 11. Febr.

om

## Indførselsafgift af Tobak.

---

**Vi Christian den Niende**, af Guds Naade Konge til **Danmark**, **de Venders og Gothers**, **Hertug** til **Slesvig**, **Holsten**, **Stormarn**, **Ditmarsken**, **Lauenborg og Oldenborg**,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Af al Tobak, hvad enten det er Røgtobak, Skraatobak eller Snustobak, erlægges 10 Øre pr. Pund.

§ 2.

Af Cigarer erlægges 25 Øre for hundrede Cigarer.